



## Þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Körfuknattleiksfélags Selfoss

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, og Körfuknattleiksfélag Selfoss, kt. 550606-0890, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

### I. Tilgangur og helstu áherslur

Með samningi þessum er lögð áhersla á mikilvægi þess öfluga íþróttta-, forvarna- og félagsstarfs sem fram fer innan Körfuknattleiksfélags Selfoss fyrir samfélagið í heild. Til þess að félagið geti rækt hlutverk sitt gerir Sveitarfélagið Árborg þennan þjónustusamning við körfuknattleiksfélagið og greiðir til þess árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum auk þess sem félagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið tiltekin afmörkuð verkefni gegn greiðslu.

#### ***Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að eftirtöldum þáttum:***

- ▶ að bjóða upp á fjölbreytt starf þannig að sem flestir fái tækifæri til þátttöku í samræmi við áhuga, vilja og getu, óháð efnahag, búsetu, kynþætti eða að öðru leyti
- ▶ að vinna gegn brottfalli ungmenna úr íþróttta- og félagsstarfi
- ▶ að ná árangri í forvörnum og vinna markvisst eftir gildandi forvarnastefnum Árborgar og kkf. Selfoss
- ▶ að vinna að því að efla félagsauð í samfélaginu og rækta einstaklinginn
- ▶ að auka þátttöku almennings í íþróttum
- ▶ að skipulag og starfsemi kkf. Selfoss eflist og verði til fyrirmyndar á landsvísu
- ▶ að þátttaka og framganga félagsins, iðkenda og félagsmanna sé ávallt til fyrirmyndar og bæði félaginu og sveitarfélaginu til sóma
- ▶ að búa íþróttafólki í Árborg góðar aðstæður til æfinga og keppni

HS  
LFB

## II. Skilyrði

**a) Kynningarstarf og forvarnir** - Félagið skuldbindur sig til að taka þátt í árlegum kynningum sveitarfélagsins á frístundastarfi þar sem íbúum sveitarfélagsins gefst tækifæri á að kynna sér starfsemi félagsins.

Félagið skuldbindur sig til þess að í ræðu og riti á vegum félagsins, s.s. auglýsingum/kynningum/fræðsluefni, komi ávallt fram að Sveitarfélagið Árborg sé samstarfsaðili félagsins. Einnig skal félagið birta merki sveitarfélagsins í auglýsingum og öðru efni sem félagið sendir frá sér.

Samningsaðilar eru sammála um að efla enn frekar samvinnu sína á sviði forvarna í baráttunni gegn neyslu áfengis og tóbaks og misnotkun lyfja og annarra vímuefna. Með því er stuðlað enn frekar að öruggu og heilbrigðu umhverfi barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Einnig er félaginu óheimilt að auglýsa eða kynna áfengi, tóbak eða önnur vímuefni í starfsemi sinni.

Félagið mun taka virkan þátt í forvarnastarfi í sveitarfélaginu í samræmi við forvarnastefnu Sveitarfélagsins Árborgar og jafnframt eiga fulltrúa í forvarnahópi þess.

Félagið skuldbindur sig til að efla forvarnir hjá félaginu og stuðla að heilsusamlegri ímynd þess jafnt innan sveitarfélagsins sem utan. Eftirfarandi þættir falla þar undir:

- 1) að starfsfólk, iðkendur og þjálfarar félagsins neyti ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna þegar þeir æfa, keppa eða koma fram fyrir hönd félagsins og klæðast merktum fatnaði þess. Skal þetta tekið fram í samningi viðkomandi aðila og félagsins.
- 2) að birta reglulega upplýsingar um forvarnir á heimasíðu félagsins sem og í þeim miðlum sem félagið hefur yfir að ráða
- 3) að kynna árlega forvarnastefnu og forvarnastarf félagsins og einstakra deilda þess
- 4) að allar deildir félagsins sem halda úti barna- og unglingastarfi skulu taka þátt í árlegri frístundamessu sem sveitarfélagið heldur að hausti þar sem allt æskulýðsstarf á svæðinu er kynnt fyrir börnum og forráðafólki þeirra
- 5) að félagið fylgi eftir og starfi í samræmi við siðareglur félagsins

Í samstarfi við frístundapjónustu sveitarfélagsins vinnur félagið að árlegri forvarnarfræðslu fyrir þjálfara og starfsmenn þess.

**b)** Leitast skal við því að hafa æfingar þannig að ekki sé skörun á milli félaga hjá yngstu bekkjum grunnskóla.

**c) Fyrirmyndarfélag** - Sveitarfélagið Árborg og Körfuknattleiksfélag Selfoss eru sammála um að félagið vinni markvisst að því að félagið haldi gæðaviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag.

AS  
GB

*d) Framsal* - Félaginu er óheimilt að framselja til þriðja aðila þau sérverkefni sem tilgreind eru í viðauka samnings þessa nema með leyfi bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar.

### III. Beinir styrkir og fjárstuðningur

*a) Rekstrarframlag*- Innan félagsins er unnið öflugt sjálfbóðaliðastarf og er framlag sjálfbóðaliða ómetanlegt fyrir félagið og samfélagið allt. Sveitarfélagið leggur félaginu til rekstrarframlag til grunnstarfsemi þess. Ráðstöfun rekstrarframlags skal vera í höndum stjórnar félagsins.

*b) Framlag til barna- og unglíngastarfs* - Sveitarfélagið Árborg leggur sérstakt framlag til barna- og unglíngastarfs félagsins. Framlaginu er, ásamt frístundastyrknum, ætlað að halda æfingagjöldum í lágmarki, efla starf yngri flokka félagsins og minnka brotfall iðkenda á unglíngsaldri.

*c) Afreks- og styrktarsjóður* - Með árlegu framlagi sveitarfélagsins í Afreks- og styrktarsjóð kkf. Selfoss og Árborgar verður stutt við afreksfólk félagsins og möguleika þjálfara til sí- og endurmenntunar. Tilgreint í fylgiskjali 3.

*d) Sérverkefni* - Sveitarfélagið Árborg og kkf. Selfoss gera með sér samninga um ákveðin verkefni sem tilgreind eru í fylgiskjali. Greitt verður sérstaklega fyrir þessi verkefni s.s. nánar er kveðið á um í umfjöllun um hvert sérverkefni í fylgiskjali. Hægt verður að semja um eða segja upp sérverkefnum án þess að það hafi áhrif á þjónustusamninginn í heild sinni. Kveðið er á um uppsagnarfrest vegna hvers sérverkefnis í fylgiskjali og getur uppsagnarfrestur verið skemmri en samkvæmt heildarsamningi.

### IV. Íþróttamannvirki, mótahald o.fl.

*a) Afnot íþróttamannvirkja* - Félagið skal hafa aðgang að íþróttamannvirkjum á Selfossi fyrir félagsmenn sína til æfinga og keppni. Deildarstjóri frístundaþjónustu upplýsir á hverju ári framkvæmdastjóra félagsins um hvaða tímar séu lausir til afnota fyrir félagið. Félagið sér um að raða niður í lausa tíma í samráði við forstöðumenn/rekstraraðila, deildarstjóra frístundaþjónustu og/eða önnur íþróttafélög. Æfingatöflur deilda skulu sendar deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar. Óski félagið eftir afnotum af íþróttamannvirkjum um helgar og/eða á frídögum verður leitast við að verða við þeim óskum ef kostur er. Beiðnum um afnot skal beint til forstöðumanns/rekstraraðila með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Framleiga til þriðja aðila er óheimil. Afnot eru félaginu að kostnaðarlausu. Um er að ræða eftirtalin íþróttamannvirki:

- ▶ Íþróttahús Vallaskóla
- ▶ Baula - íþróttahús Sunnulækjarskóla
- ▶ Íþróttahús FSu – Iða

Afnot af íþróttamannvirkjum og/eða útisvæðum á Eyrarbakka og Stokkseyri eru háð samþykki sveitarfélagsins og/eða viðkomandi rekstraraðila.

BD  
GB

**b) Auglýsingar í íþróttamannvirkjum** - Í fjáröflunarskyni er félaginu heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttamannvirkjum í eigu sveitarfélagsins á Selfossi. Gera skal ráð fyrir merki sveitarfélagsins miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum íþróttamannvirkjum í eigu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið mun sjá um og kosta gerð og uppsetningu þeirra merkja.

Ákvarðanir um uppsetningu, gerð skilta og auglýsingaefni skulu teknar í nánú samráði við deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar og forstöðumann viðkomandi íþróttamannvirkis. Kostnaður við gerð auglýsingaskilta, uppsetning og viðhald er á ábyrgð félagsins.

**c) Kostnaður við mótahald, afnot mannvirkja** - Félagið getur, eftir því sem við verður komið, óskað eftir afnotum af mannvirkjum í sveitarfélaginu vegna viðburða, s.s. keppni/æfingabúða, í samráði við viðkomandi skólastjóra/húsvörð/forstöðumann. Hér undir fellur t.d. skólahúsnæði, félagsmiðstöðvar og ungmennahús.

Beiðni um aðgang að húsnæði, húsgögnum eða öðrum búnaði skal send viðkomandi skólastjóra/húsvörð/forstöðumanni með minnst 14 daga fyrirvara. Tilgreina skal tilefni, dagsetningu viðburðar, ábyrgðarmenn og aðrar upplýsingar sem skipta máli. Ábyrgðaraðili viðburðar skal hitta viðkomandi forstöðumann/húsvörð fyrir viðburðinn til að fá upplýsingar um húsnæðið og umgengnisreglur. Gerð er krafa um að gengið sé vel um skólahúsnæði og náíð samráð sé milli ábyrgðarmanna og viðkomandi húsvardar/skólastjóra og farið sé eftir þeim verklagsreglum sem gilda um notkunina. Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt skólastjóra/húsvörð/forstöðumanni með formlegum hætti. Þeir aðilar sem fá húsnæði til afnota bera ábyrgð á skemmdum sem hljótast af notkun þeirra og ber að bæta þær að fullu.

Afnot af húsnæði og/eða búnaði í eigu sveitarfélagsins skal vera félaginu að kostnaðarlausu. Skólastjórar/húsvörðir/forstöðumenn skulu senda reikninga vegna leigu beint til deildarstjóra frístundaþjónustu.

**e) Sölustarfsemi** - Félaginu er heimil veitingasala í íþróttamannvirkjum í tengslum við mót og aðra viðburði á vegum félagsins í samráði við forstöðumann.

**f) Umgengni** - Félagið skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn á vegum félagsins gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengnisreglum íþróttamannvirkja á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Að loknu mótí eða öðrum viðburðum skal ábyrgðarmaður móts/samkomu sjá til þess að allt húsnæðið og/eða svæðið sé hreinsað og grófþrifið. Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt forstöðumanni/starfsmanni með formlegum hætti.

**g) Ókeypis í sund** - Sveitarfélagið veitir ókeypis aðgang að sundstöðum Árborgar í eftirfarandi tilvikum:

a) Þátttakendum á mótum og keppnum á vegum félagsins sem haldin eru í sveitarfélaginu þann dag/þá daga sem mót stendur

BJ

GB

b) Þátttakendum í æfingabúðum í sveitarfélaginu sem skipulagðar eru af félaginu þann dag/þá daga sem æfingabúðir standa

Iðkendur akademía og keppendur í meistaraflokkum félagsins fá árskort í sund á 90% afslætti. Sundskortið gildir ekki í líkamsræktina sem er starfrækt í sama húsnæði og Sundhöll Selfoss.

Með góðum fyrirvara skal félagið tilkynna forstöðumanni um mót/viðburði og upplýsa hann um áætlaðan fjölda gesta og komutíma.

Félagið skal tryggja að þátttakendur geri með fullnægjandi hætti grein fyrir sér í afgreiðslu viðkomandi sundstaða.

## V. Samskipti og samstarf

**a) Forsvar** - Samningsaðilar eru sammála um að stjórn kkf. Selfoss fari með öll samskipti milli félagsins og sveitarfélagsins. Deildarstjóri frístundaþjónustu Árborgar verði tengiliður af hálfu sveitarfélagsins og formaður kkf. Selfoss verði tengiliður af hálfu félagsins. Öll erindi félagsins til sveitarfélagsins skulu send deildarstjóra frístundaþjónustu formlega. Sveitarfélagið skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er.

**b) Samvinna og samráð** - Samningsaðilar eru sammála um að náði samráð og samvinna verði með aðilum á samningstímanum. Teknir verði upp reglulegir samráðsfundir deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar og formanns félagsins og eftir aðstæðum með þátttöku þjálfara og forstöðumanna íþróttamannvirkja, t.d. í tengslum við baráttu gegn einelti og annarra verkefna sem aðilar vinna í sameiningu. Fulltrúi Árborgar, sem er í ábyrgð íþrótt- og æskulýðsmála, mætir á fund aðalstjórnar í september á hverju ári til að ræða málefni tengd samstarfi sveitarfélagsins og Umf. Selfoss.

**c) Upplýsingagjöf** - Stjórn félagsins skuldbindur sig til að skila til deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar rekstrarskýrslum og fjárhagsáætlun félagsins og deilda strax að loknum aðalfundi félagsins sem er haldinn að vori ár hvert. Hafi ársskýrsla ekki borist fyrir 1. júní hefur sveitarfélagið Árborg heimild til þess að stöðva greiðslur til félagsins. Starfsmaður frístundaþjónustu skal hafa aðgang að rafrænu skráningarkerfi félagsins til að geta skoðað tölulegar upplýsingar varðandi iðkendafjölda.

## VI. Almenn ákvæði

**a) Gildistími** - Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2030.

**b) Eftirlit** - Daglegt eftirlit með samningi þessum er í höndum deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar.

HS  
GSB

c) **Fjármunir** – Greiðslur samkvæmt samningi þessum koma fram í fylgiskjali 1. Sé óskað eftir tilfærslum á fjárhæðum fyrir seinni hluta árs þurfa þær óskir að berast fyrir 1. ágúst

d) **Ágreiningur** - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn en sýslumaðurinn á Suðurlandi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

e) **Endurskoðun vegna sérstakra aðstæðna** - Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða einstakra liða ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða forsendur breytast verulega.

Komi fram beiðnir um endurskoðun einstakra liða, gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.

f) **Riftun** - Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvis að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi tveimur mánuðum eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola hafi ekki verið bætt úr þeim atriðum sem orsökkuðu riftun. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.


Selfossi, 9.04.2026


Bragi Bjarnason, bæjarstjóri

Guðbjörg Bergsveinsdóttir, formaður

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar


F.h. Körfuknattleiksfélag Selfoss


  
\_\_\_\_\_  
Sveitarfélagið  
ÁRBJÖRG

  
\_\_\_\_\_  
Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Vottar að réttri dagsetningu,

undirskrift og fjárræði aðila:

 060183-5039  
\_\_\_\_\_  
Nafn Kt.

 950570-5329  
\_\_\_\_\_  
Nafn Kt.

## Fylgiskjal 2 - Akademía

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, (hér eftir nefnt Árborg) og Körfuknattleiksfélag Selfoss, kt. 550606-0890 (hér eftir nefnt Selfoss-Karfa) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um körfuknattleiksakademíu sem rekin er á vegum Selfoss-Körfu í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands (hér eftir nefnt FSu).

*Sveitarfélagið Árborg styrkir fimm akademíur við FSu. Árborg leggur áherslu á samstarf milli akademíanna innan FSu með það að markmiði að efla enn frekar afreksíþróttir og forvarnastarf í sveitarfélaginu.*

*Körfuknattleiksakademían er sérstaklega áætluð ungu afreksfólki á framhaldsskólaaldri þar sem nemendum gefst tækifæri til að æfa körfuknattleik við bestu aðstæður og fá æfingarnar metnar til náms við FSu. Meginmarkið körfuknattleiksakademíunnar er að auka færni nemenda í körfuknattleik og þjálfna þá jafnframt á markvissan hátt í að tileinka sér þann aga og lífsstíl sem til þarf til að ná árangri í afreksíþróttum. Nemendur gangast undir samning um þátttöku í körfuknattleiksakademíunni þar sem þeir skuldbinda sig m.a. til að temja sér góðar venjur í námi, mataræði og hvíld, auk þess sem þeir skuldbinda sig til að neyta ekki áfengis, tóbaks, munntóbaks eða annarra vímuefna og misnota ekki lyf á námstímanum.*

*Það er viðurkennd staðreynd, sem fjöldi rannsókna hefur staðfest, að þátttaka í íþróttum er mikilvægur þáttur í öllu forvarnastarfi. Með samningi þessum og í samræmi við forvarnastefnu sveitarfélagsins leggur Árborg sitt af mörkunum til að tryggja ungmennum í sveitarfélaginu aðstöðu og tækifæri til að leggja stund á krefjandi íþrótt samhliða framhaldsskólanámi.*

### **1. gr.**

Árborg leggur körfuknattleiksakademíunni til endurgjaldslausu æfingaaðstöðu í íþróttahúsi í sveitarfélaginu á tímabilinu ágúst – maí. Æfingatímarnir eru skipulagðir við töflugerd á hverju ári. Árborg mun einnig sjá til þess að akademían fái aðstöðu til geymslu áhalds og kennslutækja í íþróttahúsinu á sama tímabili.

### **2. gr.**

Árborg leggur fram styrk að upphæð kr. 1.500.000 til körfuknattleiksakademíunnar sem greiðist 1. ágúst ár hvert.

### **3. gr.**

Skilyrði fyrir styrk Árborgar samkvæmt 1. gr. eru:

1. Gerð er krafa um að hver og einn nemandi í körfuknattleiksakademíunni undirriti við upphaf hvers skólaárs sérstakan samning um nám við akademíuna þar sem hann skuldbindur sig til að tileinka sér heilbriggt lífferni og lífsstíl, s.s. góðar venjur í námi,

fb

GB

# Fylgiskjal 1 - Beinir styrkir / fjármunir í samningi

Sveitarfélagið  
**ARBORG**

## Greiðsluskuldbindingar Árborgar vegna samninga við Selfoss karfa á árinu 2026 ( upphæðir í þús.kr.)

Fylgiskjal 1	Árleg fjárhæð	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls.	Bókast
Samningar	3,800					1,650	350	350	350	350	350	350	350	4,100	06830-9910
Rekstrarstyrkir	2,000	0	0	0	0	800	150	150	150	150	150	150	150	1,850	06830-9910
Barna- og unglingsstarf	300												300	300	06830-9910
Afteksskjóður	1,500								1,650					1,650	06830-9910
Körfuknattleiksskólakennsla	7,600	0	0	0	0	2,450	500	500	2,150	500	500	500	800	7,900	

## Greiðslur til Selfosskörfu á samningstímanum 2026 - 2030

	2025 rauntölur	2026	2027	2028	2029	2030
<b>Þjónustusamningur</b>						
Rekstrarstyrkir	5800000	4,100,000	4,200,000	4,350,000	4,450,000	4,600,000
Barna- og unglingsstarf	0	1,850,000	1,950,000	2,050,000	2,150,000	2,250,000
Afreks- og styrktarsjóður	300000	300,000	350,000	350,000	400,000	400,000
Körfuknattleiksskólakennsla	1500000	1,650,000	1,700,000	1,750,000	1,800,000	1,850,000
<b>Samt, gr.skv. samningnum</b>	<b>7,600,000</b>	<b>7,900,000</b>	<b>8,200,000</b>	<b>8,500,000</b>	<b>8,800,000</b>	<b>9,100,000</b>

Samtals beinir styrkir á samningstíma	<b>42,500,000</b>
---------------------------------------	-------------------

54 B

mataræði og hvíld, auk þess sem hann skuldbindur sig til að neyta ekki nikótíns, áfengis eða annarra vímuefna og misnoti ekki lyf á námstímanum. Í samningi við einstaka nemendur verði kveðið á um viðurlög, brjóti nemandi framangreind ákvæði. Körfuknattleiksakademían skuldbindur sig til að kynna íþróttá- og menningarnefnd Árborgar efnisatriði slíkra samninga.

2. Að tryggt verði af hálfu Selfoss-Körfu að styrknum skv. 1. gr. verði eingöngu varið til körfuknattleiksakademiunnar en ekki til annarra verkefna á vegum félagsins.

#### 4. gr.

Á móti styrk Árborgar og án sérstakrar greiðslu skuldbindur körfuknattleiksakademían sig til að taka þátt í einstökum forvarnaverkefnum sveitarfélagsins eftir nánara samkomulagi milli stjórnar Selfoss-Körfu, yfirþjálfara akademíunnar og deildarstjóra frístundapjónustu Árborgar.

#### 5. gr.

Gildistími samnings þessa miðast við fimm skólaár 2026-2027, 2027-2028, 2028-2029, 2029-2030 og 2030-2031 en aðilar geta sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara og skal uppsögn vera skrifleg.


Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir að samningurinn verði endurskoðaður í ljósi reynslu eftir hvert skólaár. Ósk um endurskoðun skal vera skrifleg og berast hlutaðeigandi eigi síðar en 1. júní ár hvert. Endurskoðun skal lokið tveim mánuðum síðar eða fyrir 1. september.

Selfossi, 09.04.2026


F.h. Sveitarfélagsins Árborgar


 Sveitarfélagið  
ÁRBORG


F.h. Körfuknattleiksfélags Selfoss


 Guðbjörg Bergsmísa

Vottar að rétttri dagsetningu,  
fjárræði og undirskrift aðila.

 Ragnhildur Sveinbjarnardóttir  
Nafn

 060183-5039  
Kennitala

 Arni Þor Hilmarsson  
Nafn

 050880-5329  
Kennitala

## Fylgiskjal 3 - Afreks- og styrktarsjóður

Samningsaðilar eru sammála um að hlutverk sjóðsins verði:

- að styrkja íþróttafólk sem keppir fyrir hönd Íslands á vegum ÍSÍ eða einstakra sérsambanda
- að veita þjálfurum og/eða leiðbeinendum sem starfa á vegum félagsins styrki til að sækja viðurkennd námskeið eða menntun sem eflir þá í starfi

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss skipar stjórn sjóðsins. Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári og skal tilkynnt um úthlutun á uppskeruhátíð fræðslu- og frístundanefndar Árborgar sem fram fer árlega milli jóla og nýárs. Framkvæmdastjórn félagsins skal við úthlutun fara eftir sérstakri reglugerð sem gildir um sjóðinn. Allar breytingar á reglum sjóðsins skulu lagðar fyrir nefndina til samþykktar eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.